

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 817/2024, um veiðar
í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025.

1. gr.

Í töflu í 4. gr. reglugerðarinnar er gerð breyting, svohljóðandi:

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
1. Kolmunni	305.328	16.182	289.146

2. gr.

Á eftir 5. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Um borð í fiskiskipum skal vera fuglafælulína, það er færi sem liggur frá háum punkti við skut báts og að flotholti. Línán skal ná nægjanlega langt aftur fyrir skip svo sjófuglar komist ekki í beitu og koma í veg fyrir að fuglar og spendýr festist í veiðarfærum þegar veiðarfæri eru sett í sjó.

Að lágmarki ein fuglafælulína skal vera á skipum undir 24 metrum og tvær á skipum yfir 24 metrum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 19. desember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Bryndís Hlöðversdóttir.